

Niðurstöður 20. háskólaþings Háskóla Íslands 25. október 2017

Háskólaþing Háskóla Íslands var haldið í 20. sinn 25. október 2017. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 sem tóku gildi 1. júlí 2008.

Tekin var upp sú nýbreytni að þessu sinni að þinginu var streymt gegnum háskólavefinn. Fjögur mál voru á dagskrá þingsins. Fyrst reifaði rektor mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands [sjá lið 9e á dagskrá fundar háskólaráðs 2. nóvember 2017].

Annað málið á dagskrá þingsins var kynning á niðurstöðum úttektar á stjórnun og skipulagi fræðasviða og deilda. Ómar H. Kristmundsson prófessor gerði grein fyrir málinu og síðan brugðust við þau Guðmundur Hálfðanarson, forseti Hugvísindasviðs, Anna Dóra Sæþórsdóttir, deildarforseti Líf- og umhverfisvísindadeildar og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, deildarforseti Félags- og mannvísindadeildar.

Þriðja mál á dagskrá var innleiðing HÍ21, Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021. Tekin voru fyrir tvö atriði stefnunnar: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, gerði grein fyrir endurskoðun rannsóknatengdra sjóða Háskóla Íslands og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, greindi frá yfirstandandi þarfagreiningu og fyrirhugaðri innviðaaætlun Háskóla Íslands.

Fjórða og síðasta mál á dagskrá þingsins var kynning á hlutverki og starfi innri endurskoðunar Háskóla Íslands og gerði Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi, grein fyrir því.

Dagskrármálin voru rædd hvert fyrir sig og svöruðu frummælendur fyrirspurnum. Engar ályktanir voru bornar upp. Ráðgert er að úttekt á stjórnun og skipulagi fræðasviða og deilda komi síðar til frekari umræðu.

Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða og deildarforsetar. Þar sitja jafnframt kjörnir fulltrúar úr röðum akademískra starfsmanna Háskólans, samtaka háskólakennara, starfsmanna við stjórnsýslu, stofnana sem starfa samkvæmt sérlögum eða tengjast háskólanum sérstaklega og fulltrúar samtaka nemenda. Að jafnaði sækja um 90-100 fulltrúar háskólaþing.